

Laugardaginn 20. desbr. 1924.

Nr. 58/1924.

Valdstjórnin (L. Fjeldsted)
gegn

Sigurði Guðbrandssyni
(Jón Ásbjörnsson)
og Guðmundi Guðnasyni
(Sveinn Björnsson).

Brot á lögum gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 11. okt. 1924: Kærðir Guðmundur Guðnason og Sigurður Guðbrandsson skulu vera sýknir af kærðu valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannaþje.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af valdstjórnarinnar hálfu.

Það verður að telja það sannað með skýrslu staðfestri með eiðfestum vitnisburðum formannsins á eftirlitsbátnum Trausta, er styrk hafði úr ríkissjóði til þess að hafa á hendi lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi, Ingimundar Nóvembers Jónssonar og hásetanna Þorsteins Guðbrandssonar og Hallmanns Sigurðssonar, að eitt af botnvörpuskipum þeim, er þeir hittu á eftirlitsferð fram undan Sandgerði 2. okt. 1923, hafi verið botnvörpuskipið Egill Skallagrímsson, er kærði Sigurður Guðbrandsson var skipstjóri á. Hefir formaðurinn og hásetarnir borið það og staðfest fyrir rjetti, að þeir hafi allir þekt skip þetta, og kemur lýsing þeirra á skorsteinsmerkinu og skorsteinslitnum, eins langt og hún nær, heim við merkið á skorsteininum, á botnvörpung þessum og auk þess var skip þetta auðkent með því, að á því var lítið hús ofan á eldhúsinu, en þessu er svo fyrirkomið á þessu botnvörpuskipi en ekki á öðrum

botnvörpum Kveldúlsfjelagsins, og um verustað skipsins 2. okt. er það eitt upplýst með skipsdagbókinni, að það hafi verið þessa nótt á ísfisksveiðum í Faxaflóa, en með því að breitt hafði verið yfir nafn og númer skipsins gat skipshöfnin á eftirlitsbátum eigi sjeð þessi merki.

Hvað hitt botnvörpuskipið snertir, sem eftirlitsbaturinn sama dag hitti á sömu slóðum, hefir formaður bátsins og áðurnefndir hásetar fullyrt það í skýrslu sinni, er þeir hafa staðfest með eiði, að þeir hafi þekt, að skip þetta var botnvörpungurinn Njörður, er kærði Guðmundur Guðnason var skipstjóri á.

Kveðst formaðurinn ekki hafa verið í neinum vafa um að þetta hafi verið Njörður, hásetinn Þorsteinn Guðbrandsson kveðst hafa þekt skipið á skorsteinsmerkinu og litnum á skorsteininum og Hallmann Sigurðsson ber það, að honum hafi ekki sýnst betur eftir öllu útliti að dæma, en að skip þetta hafi verið Njörður, sem hann þekti vel áður og tekið eftir hinum ljósrauða lit á skorsteininum.

Skýrsla formannsins og hásetanna kemur að því leyti eigi heim við framburð kærða, að þeir segja að flaggmerkið á skorsteininum hafi verið rauðbrúnt en kærði heldur því fram, að það sje og hafi ætíð verið hvítt, en þetta og annað er fram hefir komið í málinu, getur þó ekki hnekt skýrslunni eða gjört hana tortryggilega, með því að vera má, að hvíti liturinn hafi verið orðinn svo máður að erfitt hafi verið að greina hann með kastljósi að næturlagi, enda upplýsir dagbók botnvörpungsins að hann hafi daginn áður verið að veiðum í Faxaflóa.

Einnig á þessu skipi hafði verið breitt yfir nafn og númer þess, en með því að yfirbreiðslan blaktaði

litið eitt frá fyrir vindi, sá skipshöfnin á eftirlitsbátnum þó bókstafinn R.

Með mælingu og skýrslu varðskipsins Íslands Falk er það einnig sannað, að staðir þeir, þar sem eftirlitsbáturinn hitti þessi botnvörpuskip með botnvörpu í eftirdragi, hafi verið innan landhelgi, og hafa því hinir kærðu gerst brotlegir gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsing sú, er þeir hvor um sig hafa unnið til, hæfilega ákveðin 15000 kr., er renni í Landhelgissjóð Íslands. Um upptöku afla og veiðarfæra er eigi að ræða, þar sem málið var höfðað löngu eftir að brotið var framið.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði Sigurður Guðbrandsson að greiða málflutningskaup skipaðs verjanda síns í hæstarjetti með 120 kr. og kærði Guðmundur Guðnason málflutningslaun verjanda síns í hæstarjetti með sömu upphæð. Að öðru leyti greiði hinir kærðu in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnað bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup skipaðs sækjanda í hæstarjetti 150 kr.

Við meðferð málsins í hjerði er það að athuga, að á rannsókn þess hefir orðið óhæfilegur dráttur, þannig hefir kæra eftirlitsbátsins verið send bæjarfógetanum í Reykjavík með brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags 12. okt. f. á. en rannsókn hefir eigi verið hafin fyr en 8. apríl þ. á., að málunum gegn hinum kærðu hefir verið steypt saman án þess að brot þau, er þeim voru gefin að sök, væru svo samtengd að nauðsynlegt eða haganlegt hafi verið að sækja þá báða í sama málinu, og að ekki er upplýst í málinu hvort hinir kærðu

hafi áður orðið brotlegir gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu Sigurður Guðbrandsson og Guðmundur Guðnason sæti hvor fyrir sig 15000 kr. sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands. Kærði Sigurður Guðbrandsson greiði málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 120 kr. og kærði Guðmundur Guðnason greiði málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Sveins Björnssonar, 120 kr. Að öðru leyti greiði hinir kærðu in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnaði bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup skipaðs sækjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 150 kr.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Guðnasyni skipstjóra á botnvörpunum „Nirði“ og Sigurði Guðbrandssyni skipstjóra á botnvörpunum „Agli Skallagrímsyni“ fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5, frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt hins 2. okt. 1923 var varðbáturinn „Trausti“ við landhelgisgæslu í Garðsþjó, urðu skipverjar þá varir við botnvörpun, sem kom frá landi ljóslaus, hafði breitt yfir nafn og númer og var með vörpu í eftirdragi. Skipverjar vörpuðu kastljósi á

reykháfinn og var hann ljósrauður og merki: rauðbrúnt flagg með dökkbláum bletti í miðju.

Þóttust skipverjar kenna að þetta væri botnvörpungurinn „Njörður“ frá Reykjavík, en önnur einkenni en þau, sem nú hefir verið getið, hafa skipverjar ekki greint.

Í sama bili og þeir höfðu lokið við að gera þessa athugun urðu þeir varir við annan botnvörpung þar skamt frá, sem var með botnvörpu í eftirdragi. Var einnig vandlega breitt yfir nafn og númer á honum, en reykháfurinn var grár með bekkjum ofarlega þannig: blár, hvítur, rauður, hvítur, blár. Ofan á eldhúsinu hafði þetta skip ennfremur lítið hús. Þóttust skipverjar þekkja bæði af skorsteinslitnum og húsinu, að þetta skip væri botnvörpungurinn „Egill Skallagímsson“.

Eftir þessa athugun tóku skipverjar mið og voru þau Setufellið í Bergstá og Hóllinn í Varir í Garði.

Þann 25. okt. fór svo varðskipið „Islands Falk“ ásamt formanninum á varðbátnum „Trausta“ og mældi hve langt þeir staðir væru undan landi, sem formaðurinn gaf upp, að skipin hefðu verið á og reyndist svo við mælinguna, að skipið „Njörður“, eftir því sem skipverjar hjeldu að væri, var $2\frac{1}{2}$ sjómílu innan landhelgi en skipið „Egill Skallagímsson“, sem skipverjar hjeldu að væri, $2\frac{1}{4}$ sjómílu.

Undanfarandi framburð hafa formaður bátsins Ingimundur Növényer Jónsson og hásetur, sem á varðbátnum voru, Þorsteinn Guðbrandsson og Hallmann Sigurðsson, staðfest með eiði.

Kærðir Guðmundur Guðnason og Sigurður Guðbrandsson neita báðir eindregið að hafa verið að veiðum innan landhelgi á þessum slóðum þessa umræddu nótt. Hafa þeir báðir lagt fram dagbækur skipanna og sjest ekki af dagbók skipsins „Egill Skallagímsson“ annað en það, að skipið hefir fiskað til og frá í „Faxabugt“ dagana 22. sept. til 2. okt. Af dagbók skipsins „Njörður“ sjest heldur ekki annað en það, að skipið hefir verið að veiðum umrædda nótt í Faxaflóa á 50—60 faðma dýpi.

Þá hafa bæði 1. og 2. stýrimaður á báðum skipunum verið yfirheyrðir sem vitni og hafa þeir unnið eið að þeim framburði sínum, að þeim sje algerlega óafvitandi að skipin hafi verið að veiðum innan landhelgi á þessum slóðum umrædda nótt.

Það er upplýst bæði með framburði skipstjórans á „Nirði“ og beggja stýrimannanna og einnig á annan hátt að skorsteins-

lýsingin hjá skipverjum á skipi því sem þeir hugðu vera „Njörð“ ber ekki saman við skorsteinslit hans, því að flaggið í skorsteinsmerki hans er hvítt en ekki rauðbrúnt, og hefir altaf verið svo frá því er skipið var byggt og er það því ekki rjett sem vitnið Þorsteinn Guðbrandsson hefir borið fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu, að reykháfsmerkinu hafi verið breytt.

Hvað lýsingu vitnanna af „Agli Skallagrímssyni“ snertir, þá stemmir að mestu lýsingin á reykháfnunum, en þó er það við hana að athuga, að skipverjar geta ekki um að skorsteinninn er svartur að ofan 1—1¼ alin, en að öðru leyti er hún rjett.

Hvað húsið ofan á eldhúsinu á „Agli Skallagrímssyni“ snertir þá er það rjett, að þar er loftskeytahús og er það ekki á þeim stað á nokkru öðru skipi þess fjelags, sem er eigandi þessa skips, hinsvegar er það upplýst, að ýmsir aðrir togarar bæði íslenskir og erlendir hafa loftskeytahús á þessum stað.

Þegar það er nú athugað, að skipverjar á varðbátunum „Trausta“ hafa hvorki sjeð nafn eða númer á skipinu „Nirði“ og auk þess að lýsingin á reykháfnunum, sem er það auðkenni er þeir tilnefna, er röng, þá verður rjetturinn að líta svo á, að gegn skýlausri neitun skipstjóra sjeu engar sannanir fengnar fyrir því, að umrætt skip hafi verið að veiðum innan landhelgi á þeim tíma og þeim stöðum, sem í kærinni greinir og verður því að sýkna kærðan Guðmund Guðnason skipstjóra af kærnu valdstjórnarinnar í þessu máli.

Hvað kærna á Sigurð Guðbrandsson snertir, þá má segja að nokkru meiri líkur sjeu fyrir því, að hann hafi gjörst brotlegur við lög nr. 5 frá 18. maí 1920, þar sem skorsteinslýsingin ber að mestu saman við skorsteininn á „Agli Skallagrímssyni“ og loftskeytahúsið er ekki á þessum stað á neinum öðrum togara fjelagsins „Kveldúlfur“, sem er eigandi „Egils Skallagrímssonar“.

En þar sem skorsteinslýsingin er þó eigi rjett að öllu leyti sbr. Lögbirtingablaðið nr. 11 árið 1916 og framburð kærðs annarsvegar en vitnaframburðinn hinsvegar, og er það jafnframt vitað að útlendir togarar hafa það til að breyta skorsteinsmerkjum sínum og mála þá með líkum litum og íslenskir togarar hafa og enn fremur að bæði erlendir togarar og íslenskir hafa loftskeytahús á sama stað og umræddur togari, þá verður rjetturinn að líta svo á, að ekki sjeu gegn eindreginni neitun kærðs fengnar nægar sannanir fyrir því að umrætt skip hafi verið að veiðum

innan landhelgi á þeim tíma og slóðum, sem í kærinni greinir og verður því einnig að sýkna kærðan Sigurð Guðbrandsson af kærnu valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðurinn að greiðast af almannafje.
